

**Ed. 772. Frumvarp til laga [188. mál]**

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. maí.)

**1. gr.**

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:

I. kafli. — Um aflatryggingar.

**2. gr.**

2. töluliður 9. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs á árinu 1969 er fjórðungur á móti 1. lið.

**3. gr.**

Á eftir 14. gr. laganna bætist nýr kafli, er kemur í stað 15. til 18. gr. svo og bráða-  
birgðaákvæðis laganna, svo hljóðandi:

**II. kafli. — Um greiðslu fæðiskostnaðar.**

15. gr. — Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskípum öðrum en togurum).

16. gr. — Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1% af fob-verði útfluttra sjávar-  
afurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr. — Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna land-  
manna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

- a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmllest að stærð og stærri: 100 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.
- b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmllest að stærð: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.

18. gr. — Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu vera ársfjórðungslegar. Greiðslur vegna úthalds á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skulu inntar af hendi eins fljótt og við verður komið frá og með 15. maí sama árs, og með sama hætti frá og með 15. degi annars mánaðar eftir lok annars, þriðja og fjórða ársfjórðungs.

19. gr. — Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmáður hefur ráðið bót á þessu.

20. gr. — Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs árið 1969 og til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.